



Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning í Sveitarfélaginu Hornafirði

I. Kafli

Almenn ákvæði

1. gr.

Markmið

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur til greiðslu á húsaleigu umfram húsnæðisbætur sem veittar eru á grundvelli 32. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur ásamt 45. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrgðar og félagslegra aðstæðna. Er markmiðið að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa. Lagt skal heildarmat á aðstæður umsækjanda þegar mat er lagt á umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning.

2. gr.

Samspil við önnur stuðningsform

Sérstakur húsnæðisstuðningur sveitarfélaga er veittur að teknu tilliti til annarra stuðningsforma. Almennt gildir að sérstakur húsnæðisstuðningur kemur til viðbótar húsnæðisbótum samkvæmt lögum nr. 75/2016.

3. gr.

Skilgreiningar

Sérstakur húsnæðisstuðningur: Fjárstuðningur til greiðslu húsaleigu til viðbótar húsnæðisbótum sem veittar eru á grundvelli laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Húsnæðisbætur: Mánaðarlegar greiðslur til lækkunar á húsnæðiskostnaði efnaminni leigjenda íbúðarhúsnæðis hér á landi.

Húsnæðiskostnaður: Sá hluti fjárhæðar sem greiddur er samkvæmt samningi um leiguafnot af húsnæði. Aðrar greiðslur og kostnaðarþættir sem leigjanda ber að greiða samkvæmt samningi eða lögum, svo sem fyrir hita, vatn, rafmagn, hússjóð, viðhald o.fl., telst ekki til húsnæðiskostnaðar.

Tekjur: Allar tekjur samkvæmt II. kafla laga um tekjuskatt nr. 90/2003 og 3. mgr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.



II. kafli

Umsókn og skilyrði fyrir greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings

4. gr.

Umsókn

Fjölskyldu- og félagsþjónusta velferðarsviðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar annast móttöku og afgreiðslu umsókna um sérstakan húsnæðisstuðning. Umsókn skal berast í gegnum íbúagátt Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Með umsókn skulu fylgja öll nauðsynleg gögn.

Við undirritun umsóknar veita umsækjandi og aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri, fjölskyldu- og félagsþjónustu, heimild til að afla þeirra upplýsinga frá opinberum aðilum sem nauðsynlegar eru til að hægt sé að taka afstöðu til umsóknar. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis þegar við á.

Hafi gögn ekki borist 30 dögum frá umsóknardegi er umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning synjað. Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum ef töf á skilum á gögnum má rekja til annarra aðila en umsækjanda.

5. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn verið metin gild

- Umsækjandi skal eiga lögheimili í sveitarfélaginu þegar sótt er um nema um sé að ræða húsnæði fyrir nemendur frá 15 ára aldri.
- Umsækjandi skal hafa fengið samþykktu umsókn um húsnæðisbætur á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.
- Umsækjendur skulu vera orðnir 18 ára á umsóknardegi.
- Umsækjandi skal mæta í viðtal við starfsmann fjölskyldu- og félagsþjónustu til þess að umsókn hans teljist gild.
- Umsækjandi um sérstakan húsnæðisstuðning má ekki hafna ódýrari húsaleigukosti sem honum býðst, svo framarlega sem hann geti talist viðundandi fyrir fjölskylduna að mati ráðgjafa fjölskyldu- og félagsþjónustu.
- Samningur skal liggja fyrir um afnot af íbúðarhúsnæði sem er staðsett í Sveitarfélaginu Hornafirði. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði til námsmanna 18 ára og eldri sem eru í ólánshæfu námi og með tímabundið aðsetur í öðru sveitarfélagi og þinglýstan leigusamning þar um. Framvísa ber staðfestingu á skólavist.
- Félagsleg staða umsækjanda og fjölskyldu hans skal metin samkvæmt matsviðmiði. Umsækjandi skal uppfylla að lágmarki sex (6) stig á matskvarða (sjá fylgiskjal).
- Samanlagðar tekjur umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, skulu vera undir efri mörkum skv. viðmiðum 8. gr. reglna þessara.
- Samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, á næstliðnu ári skulu ekki vera hærri en samkvæmt viðmiðum 8. gr. reglna þessara.
- Umsækjanda verður birt niðurstaða á íbúagátt Sveitarfélagsins Hornafjarðar þar sem fram kemur hvernig umsókn hans hafi verið metin.



6. gr.

Undanþágur

Beiðni um undanþágu frá skilyrðum í 5. gr. skal vera skrifleg og rökstudd. Dæmi um ástæðu vegna beiðni um undanþágu getur verið vegna veikinda, óvenju þungrar framfærslubyrði eða við sérstakar aðstæður.

Velferðarnefnd úrskurðar um undanþágur.

III. Kafli

Fjárhæð og greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings

7. gr.

Viðmiðunarfjárhæðir við útreikning

Sérstakur húsnæðisstuðningur er reiknaður þannig að fyrir hverjar 1000 kr. í húsnæðisbætur fær leigjandi greiddar 900 kr. í sérstakan húsnæðisstuðning, að teknu tilliti til lækkunar skv. öðrum skilyrðum 5. gr., sbr. 7. og 8. gr. reglna þessara. Fjárhæð húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings skv. ákvörðun þar um er lögð saman og fæst með því heildarfjárhæð. Þessi heildarfjárhæð getur aldrei farið yfir 75% af húsnæðiskostnaði vegna viðkomandi íbúðarhúsnæðis.

Húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur geta aldrei numið hærri fjárhæð en 97.856 kr. Framangreindar fjárhæðir koma til endurskoðunar þegar breyting verður á grunnfjárhæðum húsnæðisbóta samkvæmt lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Greiðslur sérstaks húsnæðisstuðnings takmarkast við að húsnæðiskostnaður leigjenda, að teknu tilliti til samanlagðra húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings, verði að lágmarki 43.492 kr. á mánuði. Ef húsnæðiskostnaður leigjenda, að teknu tilliti til húsnæðisbóta, er undir 43.492 kr. á mánuði er sérstakur húsnæðisstuðningur ekki greiddur.

8.gr.

Áhrif tekna og eigna á fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings

Við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings skal miða við tekju- og eignaviðmið félags- og húsnæðismálaráðuneytis sem sett eru fram í leiðbeiningum til sveitarfélaga. Tekju- og eignaviðmið taka breytingum í samræmi við þær leiðbeiningar.

Miðað skal við sömu tekjur og liggja til grundvallar ákvörðun húsnæðisbóta hverju sinni. Heimilt er að veita undanþágu frá tekjuviðmiðum vegna óvenju þunga framfærslubyrði eða við sérstakar aðstæður. Sérstakur húsnæðisstuðningur fellur niður við efri tekjumörk í hverju tilfelli en skerðist hlutfallslega upp að því marki.

9. gr.

Greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings

Skilyrði þess að umsækjandi fái greiddan sérstakan húsnæðisstuðning er að hann fái einnig greiddar húsnæðisbætur á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.



Sérstakur húsnæðisstuðningur greiðist umsækjanda í fyrstu viku hvers almanaksmánaðar og er greiddur eftir á fyrir leigutíma undanfarandi almanaksmánaðar, hefst leigutími síðar en fyrsta dag almanaksmánaðar eða hluta úr almanaksmánuði, hefst leigutími síðar en fyrsta dag almanaksmánaðar eða ljúki fyrir síðasta dag almanaksmánaðar. Samningur sem kann að vera í gildi milli umsækjanda og leigusala eða þriðja aðila um fyrirframgreiðslu húsnæðiskostnaðar breytir engu hér um.

Sérstakur húsnæðisstuðningur skal falla niður frá og með næstu mánaðarmótum eftir að skilyrði reglna þessara eru ekki lengur uppfyllt. Í þeim tilfellum skal fjölskyldu- og félagsþjónusta tilkynna umsækjanda við fyrsta tækifæri að fyrirhugað sé að fella niður greiðslur og upplýsa um hvaða ástæður liggja að baki þeirri ákvörðun. Sérstakur húsnæðisstuðningur skal ávallt falla niður frá og með þeim degi þegar leigusamningur fellur úr gildi.

10. gr.

Frestun greiðslna

Þegar um er að ræða frestun á greiðslu húsnæðisbóta frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) skal fjölskyldu- og félagsþjónusta fresta greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings þar til greiðsla húsnæðisbóta fer fram hjá HMS. Fjölskyldu- og félagsþjónusta er jafnframt heimilt að fresta greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings þó að greiðsla húsnæðisbóta hafi farið fram enda séu ríkar málefnalegar ástæður fyrir því.

Í framangreindum tilfellum skal fjölskyldu- og félagsþjónusta tilkynna umsækjanda við fyrsta tækifæri að fyrirhugað sé að fresta greiðslu.

IV. Kafi

Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára barna

11. gr.

Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára barna

Veita skal sérstakan húsnæðisstuðning til foreldra eða forsjáraðila 15-17 ára barna sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum hér á landi vegna náms fjarri lögheimili.

Sérstakur húsnæðisstuðningur skal vera óháður tekjum og eignum foreldra eða forsjáraðila og nemur 75% af leigufjárhæð. Fjárhæð styrks skal þó aldrei nema hærri upphæð en 23.920 kr. á mánuði. Lágmarksgreiðsla foreldra eða forsjáraðila skal vera 10.873 kr. á mánuði.

Með umsókn um slíkan stuðning skal leggja fram húsaleigusamning og staðfestingu á námi barns.

Ákvæði 5. til 8. gr. og 1. mgr. 9 gr. reglna þessara gilda ekki um sérstakan húsnæðisstuðning vegna 15-17 ára barna.

V. Kafi

Endurnýjun umsókna, upplýsingaskylda og endurskoðun ákvörðunar

12. gr.

Endurnýjun umsókna

Til þess að viðhalda gildi umsókna þarf umsækjandi að endurnýja umsókn innan 12 mánaða frá umsóknardegi og síðan á 12 mánaða fresti frá þeim degi. Endurnýjun umsókna skal berast í gegnum



Íbúagátt sveitarfélagsins. Við endurnýjun umsóknar skal kanna hvort skilyrðum 5 gr. reglna þessara sé fullnægt.

Ef umsækjandi flytur búferlum þarf að skila inn nýrri umsókn.

13. gr.

Breytingar á aðstæðum umsækjanda

Umsækjandi skal upplýsa fjölskyldu- og félagsþjónustu um allar þær breytingar sem verða á aðstæðum hans og áhrif kunna að hafa á fyrirliggjandi mat á þörf á sérstökum húsnæðisstuðningi.

14. gr.

Leiðrétting á sérstökum húsnæðisstuðningi

Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið hærri en umsækjandi átti rétt til á umræddu tímabili ber honum að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var. Fjölskyldu- og félagsþjónustu er heimilt að draga ofgreiddan sérstakan húsnæðisstuðning frá síðar tilkomnum sérstökum húsnæðisstuðningi til sama aðila á næstu tólf mánuðum eftir endurskoðun.

Ekki er heimilt að draga frá sérstökum húsnæðisstuðningi hærri fjárhæð en nemur 25% af greiðslum í hverjum mánuði.

Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið lægri en umsækjandi átti rétt til á umræddu tímabili ber fjölskyldu- og félagsþjónustu að greiða þá fjárhæð sem vangreidd var.

15. gr.

Endurskoðun

Umsækjandi skal fullnægja skilyrðum 5. gr. reglna þessara frá því umsókn er samþykkt og á meðan hann fær sérstakan húsnæðisstuðning á grundvelli gildandi leigusamnings.

Rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings má endurskoða hvenær sem er og endurreikna fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings þannig að upphæð greiðslu verði í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna.

Fari endurskoðun umsóknar fram m.a. vegna nýrra upplýsinga um fjölda heimilismanna, tekjur, eignir eða húsnæðiskostnaðar, skal fjölskyldu- og félagsþjónusta endurreikna sérstakan húsnæðisstuðning.

Leiði endurreikningur samkvæmt 4. og 5. gr. reglna þessara til breytinga á fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings skal leiðrétta sérstakan húsnæðisstuðning, sbr. 14. gr. reglna þessara.

VI. kafli

Málsmeðferð

16. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Sérstakur húsnæðisstuðningur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda er endurkræfur með sama hætti og gildir um fjárhagsaðstoð sbr. 23. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.



Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvarst afgreiðsla umsóknarinnar á meðan notanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

17. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning hefur borist.

Fjölskyldu- og félagsþjónusta skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

18. gr.

Samvinna við umsækjendur

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við umboðsmanns hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

19. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málsgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það er í samræmi við lög og stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

20. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna umsóknar um sérstakan húsnæðisstuðning.

21. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn fjölskyldu- og félagsþjónustu taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarnefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Allar beiðnir um undanþágu frá þessum reglum skulu lagðar fyrir velferðarnefnd og aðeins ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir.

22. gr.

Kynning á ákvörðunum um sérstakan húsnæðisstuðning

Kynna skal niðurstöður umsóknar um sérstakan húsnæðisstuðning fyrir umsækjanda með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal notandi fá skriflegt svar þar sem



Ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglna Sveitarfélagsins Hornafjarðar um sérstakan húsnæðisstuðning og kynna honum um leið rétt hans til áfrýjunar til Velferðarnefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

23. gr.

Málskotsréttur og endurupptaka máls

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun hlutaðeigandi starfamanna til Velferðarnefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar innan fjögurra (4) vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Velferðarnefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun Velferðarnefndar til Úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjandi barst vitneskja um ákvörðun Velferðarnefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

24. gr.

Endurupptaka máls

Umsækjandi getur óskað þess að mál sé tekið til meðferðar á ný ef afgreiðsla velferðarnefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar á umsókn hans hefur byggt á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til bæjarráðs, innan þriggja (3) mánaða frá birtingu ákvörðunar.

Meti bæjarráð að lagaleg skilyrði séu fyrir hendi er erindi um endurupptöku vísað til velferðarnefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar til málsmeðferðar. Efnisatriði máls skulu ekki lögð fyrir bæjarráð.

25. gr.

Gildistaka og endurskoðun

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 2. og 3. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum. Reglur þessar öðlast gildi þann 12.09.2024. Jafnframt falla þá úr gildi reglur Sveitarfélagsins Hornafjarðar um sérstakar húsnæðisbætur frá 1. janúar 2016.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar í október ár hvert og breytingar taka gildi 1. janúar árið eftir nema annað sé ákveðið af bæjarstjórn. Horft skal til vísitölu neysluverðs við breytingu á viðmiðum sem kveðið er á um í 7. og 11. gr. reglnanna en endanleg ákvörðun um breytingar er í höndum bæjarstjórnar.

Samþykkt á 326. fundi bæjarstjórnar þann 12. september 2024.

Uppfærðar reglur samþykktar á fundi bæjarstjórnar 11. desember 2025.

Sigurjón Andrússon

Bæjarstjóri



Fylgiskjal I

Matsviðmið fyrir sérstakan húsnæðisstuðning

<i>Staða umsækjanda</i>	<i>Stig</i>
Staða umsækjanda er önnur en getið er hér að neðan	0
Einstætt foreldri	2
Hlutaörorkulífeyrisþegi	2
Örorkulífeyrisþegi með 75% örorkumat	3
Ellilífeyrisþegi	3
Fær fjárhagsaðstoð hjá Sveitarfélaginu Hornafirði vegna langvarandi atvinnuleysis eða óvinnufærni	4

<i>Húsnæðisstaða</i>	<i>Stig</i>
Er með húsnæði. Húsaleiga minna en 20% af heildartekjum heimilis	0
Er með húsnæði. Húsaleigukostnaður er íþyngjandi, húsaleiga er meira en 20% af heildartekjum heimilisins.	1
Er með húsnæði. Húsnæðiskostnaður er verulega íþyngjandi, húsaleiga er meira en 30% af heildartekjum heimilisins.	2
Óöruggt húsnæði, þ.e. gistir hjá vinum og/eða ættingjum	2
Er húsnæðislaus (hefur í ekkert hús að venda)	4
Heilsuspillandi húsnæði samkvæmt mati heilbrigðiseftirlits eða húsnæði er sannarlega óíbúðarhæft af öðrum ástæðum og veruleg vandkvæði eru bundin við að finna nýtt húsnæði	4

<i>Félagslegar aðstæður umsækjanda</i>	<i>Stig</i>
Aðstæður umsækjanda eru betri en getið er hér að neðan	0
Umsækjandi glímir við félagslegan vanda og hefur fengið reglulegan stuðnings félagsþjónustu, annan en fjárhagslegan, á undanförunum 12 mánuðum	2
Barn í forsjá umsækjanda er með SIS-C mat og/eða langvarandi stuðningsþarfir og fær reglulegan stuðning frá félagsþjónustu á undanförunum 12 mánuðum	
Málefni barns hefur verið í umfangsmikilli vinnslu félagsþjónustu á undanförunum 24 mánuðum þar sem barnið hefur fengið bæði aðstoð á grundvelli skóla og fjölskyldu- og félagsþjónustu að mál þess verið til meðferðar hjá barnavernd á undanförunum 24 mánuðum	4
Umsækjandi glímir við fjölþættan vanda og hefur fengið umfangsmikinn stuðning fjölskyldu- og félagsþjónustu annan en fjárhagslegan, í að lágmarki 24 mánuði	4
Umsækjandi glímir við alvarleg langvinn veikindi sem hafa veruleg áhrif á fjárhags- og húsnæðisstöðu samkvæmt faglegu mati ráðgjafa fjölskyldu- og félagsþjónustu	4

